KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Berist til:

Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands
kt. 560269-4129
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík

Vegna áforma um samruna eftrifarandi sjóða á grundvelli 84. gr. laga nr. 45/2020, um rekstaraðila sérhæfðra sjóða:

Yfirtökusjóður:	SIV Hlutabréf hs. kt. 530623-9550 Ármúla 3 108 Reykjavík
Samrunasjóður:	ÍV Stokkur hs. kt. 611215-9750 Glerárgötu 24 600 Akureyri

Reykjavík, 21. október 2025.

Efni: **Mat óháðs aðila á fyrirhuguðum samruna SIV Hlutabréfa hs. og ÍV Stokks hs. og þeim kjörum sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði.**

Íslensk verðbréf hf., kt. 491001-2080, Ármúla 3, 108 Reykjavík (hér eftir „Íslensk verðbréf hf.“), hafa leitað til KPMG ehf., kt., 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík (hér eftir „KPMG“), vegna fyrirhugaðs samruna sjóðanna SIV Hlutabréf hs., kt. 530623-9550 (hér eftir „yfirtökusjóðurinn“), og ÍV Stokkur, kt. 611215-9750 (hér eftir „samrunasjóðurinn“) (sameiginlega sem „sjóðirnir“). Sjóðirnir hafa samþykkt og undirritað samrunaáætlun, dags. 13. október 2025, í tengslum við fyrirhugaðan samruna sem undirritaður löggiltur endurskoðandi hefur kynnt sér.

Að beiðni Íslenskra verðbréfa hf. er mat þetta útbúið og unnið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 84. gr. laga nr. 45/2020, um rekstaraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einnig 1. mgr. 82. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, sem kveður á um að óháðum löggiltum endurskoðanda eða vörsluaðila skuli falið að staðfesta tiltekin atriði varðandi samruna sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og verðbréfasjóði. Tilgangur þessa mats er að staðfesta eftirfarandi þætti sem varða fyrirhugaðan samruna sjóðanna:

KPMG ehf. er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð.

Reykjavík
Akureyri
Borgarnes
Egilsstaðir

Reykjanesbær
Sauðárkrókur
Selfoss
Skagaströnd

1. Viðmiðanir sem samþykktar eru við mat á eignum og skuldbindingum á þeim degi sem skiptihlutfall er reiknað.
2. Greiðslu í handbæru fé, ef við á, á hvert hlutdeildarskírteini.
3. Aðferð við útreikning á skiptihlutfalli og raunverulegt skiptihlutfall.

1. Mat á viðmiðunum fyrir eignamat og skuldbindingar.

Samkvæmt samrunaáætlun sjóðanna eru sömu verðmatsaðferðir notaðar í báðum sjóðum. Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum markaði eru metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar og virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörsluaðila, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna þann dag sem skiptihlutfall er reiknað. Óskráðar eignir í samrunasjóð eru óverulegar eða um 1% af sjóðnum en engar óskráðar eignir eru í yfirtökusjóðnum. Eign samrunasjóðs er í Controlant hf., kt. 670605-0780, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi (hér eftir „Controlant hf.“), sem skráð er á genginu 30, en það er sama gengi og í hlutafjáraukningu Controlant hf. í nóvember 2024, eða fyrir um 9 mánuðum síðan. Verðmatsnefnd félagsins hefur ekki vitneskju um viðskipti með félagið á öðru gengi og er því verðmatið skráð óbreytt. Virði óskráðra eigna verður um 0,27% af sameinuðum sjóði og hefur því óveruleg áhrif á þá sem eiga hlutdeildarskirteini í yfirtökusjóð.

Undirritaður löggiltur endurskoðandi hefur farið yfir og staðfest þær viðmiðanir sem samþykktar eru til að meta eignir sjóðanna á þeim degi sem skiptihlutfallið er reiknað, sbr. 82. gr. a-lið, laga nr. 116/2021, og lýsir því yfir að þær viðmiðanir eru í samræmi við gildandi lög og reglur og tryggja sanngjarnt og réttmætt mat á eignum.

2. Mat á greiðslu í handbæru fé (ef við á).

Samkvæmt sameiginlegri samrunaáætlun sjóðanna er ekki gert ráð fyrir greiðslu í handbæru fé til eigenda hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins. Því á ákvæði 82. gr. b-lið, laga nr. 116/2021 sem fjallar um staðfestingu slíkra greiðslna, ekki við í þessu tilviki.

3. Mat á aðferð við útreikning skiptihlutfalls og raunverulegu skiptihlutfalli.

Við útreikning á skiptahlutfalli var litið til þess að undirliggjandi eignir sjóðanna eru markaðsverðbréf og markaðsvirði þeirra þannig lagt til grundvallar skiptihlutfalli auk þess sem óskráð verðbréf byggja á eðlilegri verðlagningu í samræmi við verklagsreglur sjóðanna. Eigendur hlutdeildarskírteina í samrunasjóði fá þennig skírteini í yfirtökusjóði í samræmi við eignarhlutdeild sína.

Undirritaður löggiltur endurskoðandi hefur farið yfir og staðfest aðferðina sem notuð er til að reikna skiptihlutfallið milli hlutdeildarskírteina samrunasjóðsins og yfirtökusjóðsins, sem og raunverulegt skiptihlutfall, sbr. 82. gr. c-lið, laga nr. 116/202, og lýsir því hér með yfir að aðferðin tyggi sanngjörn skipti á hlutdeildarskírteinum.


4. Niðurstaða.

Undirritaður löggiltur endurskoðandi staðfestir að viðmiðanir sem samþykktar eru við mat á eignum og skuldbindingum samrunasjóðsins og yfirtökusjóðsins, sem og aðferð við útreikning á skiptihlutfalli, ásamt raunverulegu skiptihlutfalli, eru í samræmi við ákvæði 82. gr. laga nr. 116/2021, og að þau kjör sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði eru sanngjörn og byggð á réttmætum forsendum. Þar sem samrunaáætlunin kveður ekki á um greiðslu í handbæru fé, er slík greiðsla ekki hluti af þessu mati.

Afrit af þessu mati skal gert aðgengilegt eigendum hlutdeildarskírteina beggja sjóða án endurgjalds, óski þeir eftir því, sbr. 82. gr. 3. mgr. laga nr. 116/2021.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.



_____
Matthías Þór Óskarsson
Löggiltur endurskoðandi